

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigdór Ólafur Sigmarsson, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Föstudaginn 16. desember 1988.

Nr. 370/1988. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararikissaksóknari)

gegn

Andrésí Bjarna Sigurvinssyni

(Guðný Höskuldsdóttir hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Máli þessu var af hálfu ákærvalds skotið til Hæstaréttar til refsipýngingar með stefnu 28. október sl. Af hálfu ákærða er krafist sýknu og málsvarnarlauna.

Fallast ber á sakarmat héraðsdómara og heimfærslu til refsíákvæða.

Við refsíákvörðun ber að lita til sakaferils ákærða, sem lýst er í héraðsdómi, sbr. 70. gr. 1. mgr. 5. tl. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Er refsingin hæfilega ákveðin varðhald 30 daga.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar. Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar eins og segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Andrés Bjarni Sigurvinsson, sæti varðhaldi 30 daga.
Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 3. október 1988.

Ár 1988, mánudaginn 3. október, var í dómþingi sakadóms, sem háð var að Borgartúni 7 af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í máli nr. 534/1988: Ákærvaldið gegn Andrési Bjarna Sigurvinssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara dagsettri 2. ágúst 1988 gegn ákærdóm „Andrésí Bjarna Sigurvinssyni, Týsgötu 6, Reykjavík, fæddum 17. júní 1949 í Borgarfirði, Norður-Múlasýslu, fyrir að aka þriðjudaginn 12. janúar 1988 sviptur ökuréttindum ævilangt bifreiðinni R-27834 um götur í Reykjavík, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans í Brautarholti.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. áður 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði ákærðs hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1975 5/11 Kópavogi. Sátt: 1.000,00 kr. sekt f. brot g. rgj. um stöðum.

1975 11/11 Reykjavík. Dómur: 10 daga varðhald f. brot g. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 11.11. 1975.

1979 23/4 Vestm.ey. Dómur: 140.000,00 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 18.12. 1978.

1980 12/5 Reykjavík. Dómur: 225.000,00 kr. sekt f. brot g. 25. gr. umfl. og 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt.

1982 3/8 Reykjavík. Veitt ökuleyfi á ný.

1984 3/8 Bonn. Dómur: 70 dagsektir á 40 DM. hver vegna ólvunar-aksturs.

1985 21/5 Reykjavík Dómur: 25.000,00 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 19.01. 1985.

- 1987 13/5 Reykjavík. Dómur: 40.000,00 kr. sekt f. brot g. 25. og 27. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt.
- 1987 15/9 Reykjavík. Dómur: 40.000,00 kr. sekt f. brot g. 25., 27. og 37. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt.

Málsatvik eru þessi:

Þriðjudaginn 12. janúar 1988, klukkan um 14:30, stöðvaði lögreglan ákærðan við akstur bifreiðarinnar R-27834 á Brautarholti hér í borg.

Ákærður hefur fyrir dómi jatað að hann hafi greint sinn ekið bifreiðinni R-27834 um götur Reykjavíkur, enda þótt hann væri sviptur ökuréttindum á þeim tíma.

Með eigin játningu ákærðs sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá sem honum er gefin að sök í ákæru og þar er rétt færð til refsíákvæða. Þykir refsing ákærðs eftir atvikum hæfilega ákveðin 40.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, en vara-refsing varðhald 30 daga, verði sekt eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærður, Andrés Bjarni Sigurvinsson, greiði 40.000,00 kr. sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi í 30 daga verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.